

Ed.

278. Frumvarp til laga

[103. mál]

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purifaciens) valda eða eru taldar líklegar til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrir mæli þessara laga nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrir skipun um hömlur á fjársamgöngum, bann á sölu fjár til lífs, niðurskurð, sóttþreinsun bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands.

II. KAFLI

Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlínunum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.

3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI

Um varnarlínur og varnir.

6. gr.

Varnarlínur teljast:

1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavirsgirðingar.
3. Einfaldar gaddavirsgirðingar.

Varðmenn skal hafa á varnarlinum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlinum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna hlutaðeigandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitast við að bæta það með tilsvarendi löndum í skiptum, ef unnt er.

Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitolöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggja innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.

Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hvor og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Girðingar á aðalvarnarlinum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínur leggur ríkissjóður efnis, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

9. gr.

Skyll er ríkissjóði að viðhalda varnarlinum minnst 9 ár, eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlinum, sem einangra svæði, þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlinum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlinunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upp-
rekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sann-
gjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smá-
girðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar
skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlinum hvíli sem mest á
fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlinur þær, sem um
ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varð-
maður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði,
eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji
við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirum-
sjón og eftirlit með störfum varðmanna.

11. gr.

Skyll er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim
tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða
sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar
sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litar-
merkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlinur næstu 9 ár eftir að fjárskiptum
lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Sleppi kindur yfir varnarlinur,
skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem
þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. Líffæri úr kindum þessum skal
merkja greinilega og senda til rannsóknar án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af
þessum sökum, skal bæta þannig, að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haust-
verð) fyrir. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð af-
urðanna hrekkur ekki til.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við
flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlinur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi
verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða
upphæð bótanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði
milli fjárskiptahólfa í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og
aldrei flutt sæði úr hrútum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir
sjúkdómar hafa gert vart við sig, nema með samþykki yfirdýralæknis.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerk- inga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlinur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað og líffæri send til rannsóknar.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnnum eða stjórnnum upprekstrar- féлага, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upp- rekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársóttta eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða óskýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar og þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varnarlinur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, þegar kindunum er slátrað. Líffæri kinda, sem um getur í þessari grein, skulu greinilega merkt og send til rannsóknar án tafar.

17. gr.

Fáist vissa eða sterkur grunur um, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnar- linu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráð- stafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé tafarlaust, og auk þess kindum, sem líkur eru til að hafi smitazt við samrekstur og í réttum.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

19. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár eða nautgripa, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust viðvart, ef þeir verða varir við grun- samleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eig- endum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúk- dómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og sauðfjár-sjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs. Annan framkvæmdakostnað greiði sauðfjár-sjúkdómanefnd að hálfu, en hlutaðeigandi hreppsfélag að hálfu. Fjáreigendum er skylt að sjá um og kosta smölun og gæzlu fjárens og alla ófaglega aðstoðarvinnu.

Ef eigendur sauðfjár eða nautgripa neita að láta framkvæma á gripum sínum rannsókn eða varnarbóluasetningu, sem ákveðin hefur verið, eða hindra á annan hátt framgang ákveðinna varnarráðstafana, skal framkvæmdastjóri leita fulltingis hlutaðeigandi yfirvalda.

Kostnað, sem leiðir af slíkum tögum, ákveður sauðfjár-sjúkdómanefnd, og ber að innheimta hann hjá hlutaðeigandi gripaeigendum með frádrætti á bótum eða með aðför að lögum.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjár-sjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjár-sjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem er slátrað vegna þess að það reynist sjúk eða grunað við rannsóknir. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI

Um fjárskiptafélög.

24. gr.

Sauðfjár-sjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlinur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun og fjárrekstrum í sambandi við hana verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, sbr. V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjár-sjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjár-sjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á hlutaðeigandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi

boði fjáreigendur á fund til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hreppi er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmetur, ef mættir eru $\frac{2}{3}$ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast $\frac{2}{3}$ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Staerð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og afstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

27. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með $\frac{2}{3}$ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með $\frac{2}{3}$ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggja fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur, 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar

stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI

Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það, áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæði sé tryggt með öruggum varnarlinum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr.
3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið, og láta hafa eftirlit með eyðingu sóttnáms sláturúrgangs, flutningi og geymslu sláturafurða sjúka fjárins.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða, hvaðan líflömb séu tekin, og tilkynna það hlutaðeigandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn hlutaðeigandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast

söluverð á lömbunum, miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo að fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Þegar líflömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði, skal gæta þess við skiptingu þeirra að dreifa sem minnst lömbum frá sama bæ. Skal hver fjáreigandi hafa lömbin í stangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt, og getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað algera innistöðu þeirra um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þörf á. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sam tryggilegastan hátt.

Fari svo, að líflömb tapist úr vörzlu næturlangt eða lengur fyrsta missirið eða sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

Öllu fjárskiptafé skal halda greinilega merktu, og skylt er fjáreiganda að gera nákvæma skrá yfir allt fjárskiptafé, svo að unnt sé að finna fyrri eigendur. Áður en bætur eru greiddar, skal afrit af slíkri skrá afhent sauðfjársjúkdómanefnd eða fulltrúa hennar.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt, í samráði við stjórn fjárskiptafélags, að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaut sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI

Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveimur árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1956 skal miða við framtal á árinu 1955, þ. e. fjártölu í árslok 1954 o. s. frv.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirferist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap eða sauðfjáreign, þegar niðurskurður fer fram, eða eru fluttir burt af fjárskiptasvæðinu, fá ekki bætur. Öðrum, sem eru að hætta bú-

skap eða sauðfjáreign á þeim tíma, sem fjárskipti standa yfir, eða breyta til um atvinnu, skal ekki greiða fullar bætur, heldur í hlutfalli við það tjón, sem ætla má að þeir hafi orðið fyrir við niðurskurðinn. Skal sauðfjársjúkdómanefnd meta slíkar bætur.

38. gr.

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar $\frac{3}{4}$ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af meðalvænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum, sem fjáreigendur fá það haust, sem bætur eru greiddar. Fyrstu bætur skal greiða ári eftir niðurskurð.

Kostnað við flutning liflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu eiga kost á að fá keypt liflömb, er nemur 80% af bótaskyldri fjártölu. Skal, ef unnt er, útvega þau á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði. Ef ekki fæst sú lambatala, skal útvega það, sem til vantar, á næsta hausti, ef fjáreigendur óska.

Takist ekki á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt, að útvega 80% móti bótaskyldri fjártölu, en bændur óski að fá svo mörg lömb, ber ríkissjóði að greiða afurðatjónsbætur, $\frac{3}{4}$ lambsverðs á kind á þá tölu, sem til vantar. Skal greiða þær bætur tveim árum eftir að lömb eru fyrst flutt inn á svæðið.

Framlag ríkissjóðs skal á hverjum tíma vera til tryggingar greiðslu á andvirði seldra liflamba.

Stjórnnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fánlegt.

39. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns $\frac{3}{4}$ lambverðs fyrir hverja bótaskylda kind, eða styrkja þá til að breyta til um búskaparhætti, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

40. gr.

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 6% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að $\frac{2}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að $\frac{4}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðn frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 39. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.